

Árið 2026, miðvikudaginn 27. maí kl. 10:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal á TEAMS, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Steinari Þór Guðgeirssyni og Halldóri Brynjari Halldórssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 1/2026

**Knattspyrnudeild Víkings R.**

gegn

**Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ**

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

## **DÓMUR:**

### **I**

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Steinar Þór Guðgeirsson og Halldór Brynjar Halldórsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 5. maí 2026, þar sem áfrýjanda var gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 150.000,- til KSÍ vegna vítaverðrar og hættulegrar háttsemi áhorfenda sem fólst í því að kveikja á blysum í leik Víkings R. gegn Stjórnunni í Bestu deild karla þann 23. apríl 2026.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 7. maí sl. þar sem áfrýjandi gerir eftirfarandi kröfur:

Að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ vegna skýrslu eftirlitsmanns frá leik Víkings R. gegn Stjórnunni þann 23. apríl 2026, verði felldur úr gildi.

Til vara krefst áfrýjandi þess að málinu verði vísað aftur til efnislegrar meðferðar hjá aga- og úrskurðarnefnd og nefndinni gert að kveða upp úrskurð sem hefur stöð í skýrslu eftirlitsmanns um framkvæmd leiks Víkings og Stjórnunnar þann 23. apríl 2026.

### **II**

Með hinum kærða úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var áfrýjanda gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 150.000,- vegna háttsemi áhorfenda sem fólst í því að kveikja á blysi í tvígang í leik Víkings R. gegn Stjórnunni í Bestu deild karla þann 23. apríl 2026. Í skýrslu eftirlitsmanns til aga- og úrskurðarnefndar er að finna eftirfarandi lýsingu:

*„Á mínútu 21 eftir fyrsta mark Vikings, kom reykur frá blysi sem virtist tundrað utan vallar fyrir aftan bekkina, þetta gerðist einnig eftir annað mark Vikings á 54 mín og þá þurfti dómari leiksins að stöðva leik í smástund vegna reyksins.“*

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ vísar til þess í hinum kærða úrskurði að sérhvert aðildarfélag beri hlutlæga ábyrgð á framkomu stuðningsmanna sinna og geti hlotið viðurlög vegna háttsemi þeirra í samræmi við lög og reglugerðir KSÍ. Aga- og úrskurðarnefnd vísar til þess í úrskurði sínum að nefndin hafi í úrskurðum sínum ekki gert greinarmun á reykblýsum og öðrum blýsum. Í hinum kærða úrskurði er sú háttsemi sem lýst er í skýrslu eftirlitsmanns KSÍ heimfærð undir d-lið gr. 13.9 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og áfrýjanda gert að sæta sekt fyrir vítaverða og hættulega háttsemi áhorfenda.

Almennt verður úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í þeim undantekningartilvikum sem greinir í a til e liða gr. 17.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Samkvæmt b-lið gr. 17.2. er heimilt að skjóta úrskurði aga- og úrskurðarnefndar um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en kr. 50.000,-. Á því kæran undir dómstólinn eins og atvikum er hér háttáð.

### III

Í áfrýjun er gerð sú krafa að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar verði felldur úr gildi og til vara að málinu verði vísað aftur til efnislegrar meðferðar hjá aga- og úrskurðarnefnd. Áfrýjandi vísar til þess að reykur hafi komið frá blysi utan vallar eftir mörk Vikings á 21. mínútu og 54. mínútu leiksins. Þá vísar áfrýjandi til þess að eftirlitsmaður hafi í skýrslu sinni metið framkomu beggja liða og stuðningsmanna góða og hið sama megi segja um öryggisgæslu.

Aðalkrafa áfrýjanda byggir á því að hinn áfrýjaði úrskurður geti ekki verið byggður á skýrslu eftirlitsmanns KSÍ. Byggir áfrýjandi á því að í skýrslunni komi fram óaðfinnanlegt mat eftirlitsmanns á framkomu stuðningsmanna beggja liða gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum og að hvergi sé að finna vísbendingar um að áhorfandi á vegum Vikings eða forystumaður hafi gerst segir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum. Þá byggir áfrýjandi á eftirfarandi röksemdum:

*„Heimild til sektarákvörðunar á grundvelli greinar 13.9 d) reglugerðar um aga- og úrskurðarmál er einskorðuð við annars vegar forystumann, sem ekki er á leikskýrslu og hins vegar áhorfanda. Grein 13.9 d) getur ekki verið túlkuð svo rúmt að hún nái annarra aðila en þeirra sem sérstaklega eru tilgreindir í ákvæðinu. Hún geti þannig ekki náð til aðila utan vallarsvæðis sem virtist tundra reykbombu eða reykblýs við vallarsvæði Vikings. Úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar í málum sem varða atvikaskýrslur eftirlitsmanna verða og geta ekki byggt á öðru en sjálfu efni þeirra. Nefndin hefur engar forsendur né gögn sem geta stutt, að því er virðist, tilgátu um að áhorfandi hafi verið þar að verki, enda komi það hvergi fram í umræddri skýrslu eftirlitsmanns né öðrum gögnum málsins. Þvert á móti gefur skýrsla eftirlitsmanns afdráttarlaust til kynna að framkoma stuðningsmanna heimaliðs hafi verið góð. Í ofanálag hafi áfrýjandi nú þegar vakið máls á því að um hafi verið að ræða óþekktan einstakling utan vallar og utan svæðis leiksins.“*

*Til stuðnings aðalkröfu vísar áfrýjandi til þess að agareglur FIFA (FIFA Disciplinary Code) eru ákvæðum reglugerðar um aga- og úrskurðarmál til fyllingar, eftir því sem við á. Samkvæmt 40. grein agareglna FIFA (FIFA Disciplinary Code), verður að líta svo á að staðreyndir/staðhæfingar í eftirlitsskýrslum og öðrum viðbótarskýrslum eða bréfaskriftum sem lagðar eru fram séu réttar. Hægt sé að leggja fram sönnun fyrir ónákvæmni þeirra. Líta verður svo á að efni 40. greinar agareglna FIFA sé stöð undir grein 6.5. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál um að skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns skuli lögð til grundvallar niðurstöðu í agamálum. Tekið skal fram að áfrýjandi mótmælir ekki skýrslu eftirlitsmanns um framkvæmd leiks Víkings og Stjörnunnar og dregur ekki í efa innihald skýrslunnar. Það sé hins vegar fyllilega ljóst að skýrslan, eins og hún er orðuð geti ekki orðið grundvöllur sektarákvörðunar skv. grein 13.9.d) reglugerðar um aga- og úrskurðarmál.*

*Í greinargerð félagsins til aga- og úrskurðarnefndar var því mótmælt að umrædd háttsemi geti talist hættuleg eða vítaverð, enda var um að ræða óþekktan einstakling sem var utan svæðis félagsins og ekki í nálægð við vallargesti. Sú háttsemi að setja af stað reykblýs í góðri fjarlægð frá öðrum og án hættu getur því ekki talist uppfylla skilyrði greinar 13.9 D sem áskilur að hegðun sé hættuleg og vítaverð. Félagið vill jafnframt benda á að reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál inniheldur ekki refsíákvæði sem nær utan um hættulaus blýs, en til dæmis má nefna að reglugerðir annarra knattspyrnusamtaka tilgreina sérstaklega bann við tilteknum tegundum blýsa og þá eldblýsa. Reykblýs eru almennt talin hættulaus þegar þeim er beitt í hæfilegri fjarlægð frá öðrum einstaklingum.“*

#### IV

Samkvæmt gr. 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar aga- og úrskurðarnefnd um þau atriði sem koma fram í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir því að aðilar hafi heimild til þess að gera skriflega athugasemd við brottvísun/athugasemd sem á í hlut hverju sinni og eftir atvikum leggja fram önnur gögn, sbr. gr. 6.4. Þá kemur fram í gr. 6.5 framangreindrar reglugerðar að skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns skuli lögð til grundvallar niðurstöðu í agamálum en ef vafi leiki á atvikum sé m.a. heimilt að styðjast við myndbandsupptökur við ákvörðun viðurlaga. Af framangreindu leiðir að meginreglan sé sú að aga- og úrskurðarnefnd beri að styðjast við skýrslu dómara og/eða eftirlitsmanns.

Samkvæmt skýrslu eftirlitsmanns frá leik Víkings R. gegn Stjörnunni kom reykur frá blýsi á 21. mínútu leiksins eftir fyrsta mark Víkinga og aftur eftir annað mark þeirra á 54. mínútu. Þessu er ekki mótmælt af hálfu áfrýjanda. Samkvæmt skýrslu eftirlitsmanns þurfti dómari leiksins að stöðva leik í smástund vegna reyksins og telur dómurinn ekkert fram komið sem hnekkir þessari frásögn eftirlitsmanns. Með vísan til gr. 6.5 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, sbr. einnig 40. gr. agareglna FIFA, ber að leggja þessa frásögn eftirlitsmanns til grundvallar í málinu.

Dómurinn telur ljóst að sú háttsemi að kveikja á blýsi falli undir ákvæði d-liðar gr. 13.9 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ekki er ástæða til að greina sérstaklega á milli reykblýsa og annarra blýsa í þeim efnum þar sem umrætt ákvæði tekur til annars vegar vítaverðrar háttsemi og hins vegar hættulegrar. Telur dómurinn með vísan til framangreinds að sú háttsemi að kveikja á

reykblysi í mikilli nálægð við leikvöllinn, m.a. með þeim afleiðingum að stöðva þurfti leik um tíma, feli í sér vítaverða háttsemi þó hún kunni í einhverjum tilfellum að vera hættulaus.

Í máli þessu liggur ekki fyrir hver það var sem kveikti á blysum í leiknum en dómurinn telur ljóst að það var kveikt á þeim inni á svæði áfrýjanda og í mikilli nálægð við leikvöllinn. Þá er óumdeilt að kveikt var á blysunum þegar Víkingur skoraði í leiknum. Enga nákvæma skilgreiningu er að finna í reglugerðum KSÍ, UEFA eða FIFA á því hver telst „stuðningsmaður“ eða „áhorfandi“. Getur það verið háð mati hverju sinni á grundvelli þátta á borð við hegðunar og nálægðar við leikvang, sbr. dóm alþjóða íþróttadómstólsins CAS í máli CAS 2007/A/1217 (Feyenoord gegn UEFA). Með vísan til þessara þátta og atvika máls þessa telur dómurinn að áhorfandi í skilningi gr. d-liðar gr. 13.9. hafi kveikt á blysunum.

Með vísan til framangreinds er hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar, um sekt áfrýjanda að fjárhæð kr. 150.000,-, staðfestur.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er staðfestur.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]

Halldór Brynjar Halldórsson [sign]